

Kirkjuþing 2020-2021.

11. mál - þskj. 11.

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af biskupi Íslands.

Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Lögbýlin Auðsholt 1, Auðsholt 2, Auðsholt 3, Auðsholt 4 og Auðsholt 5, sem nú tilheyra Skálholtssókn í Skálholtsprestakalli, tilheyri eftirleiðis Hrepphólasókn í Hrunaprestakalli. Felst í þessu breyting sóknarmarka á milli téðra sókna og prestakalla.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 7871997, með síðari breytingum, öðlast gildi 30. nóvember 2020.

Greinargerð.

Auðsholtstorfundi í Hrunamannahreppi, tilheyra fimm lögbýli sem hafa tilheyrt Skálholtssókn frá fornu fari. Ástæðan var aðallega sú að við Auðsholt var ferjustaður yfir Hvítá og því mun styttra fyrir heimilisfólk að sækja kirkju í Skálholti en í Hrepphólum. Lögbýlin tilheyrdi áður fyrr Biskupsstungum en frá 1978 hafa býlin verið í Hrunamannahreppi enda tilheyrir hann þeirri sveit landfræðilega. Íbúar í Auðsholti hafa í seinni tíð sótt kirkjulega þjónustu til prestsins í Hruna og hefur það litið á hann sem sinn prest. Eftir tilfærslu Auðsholts yfir í Hrunamannahrepp sækja íbúarnir alla þjónustu þangað. Því er orðið tímabært að Auðsholtstorfan, þ.e. lögbýlin þar verði færðir frá Skálholtssókn í Skálholtsprestakalli og yfir í Hrepphólasókn í Hrunaprestakalli. Í Auðsholti var skráður 21 einstaklingur 31. maí 2020.

Lögbýlin eru eftirfarandi samkvæmt lögbýlaskrá 2019:

Hrunamannahreppur:

Auðsholt 1. Landnúmer 166716. Eigandi Vignir Jónsson

Auðsholt 2. Landnúmer 166717. Eigandi Auðsholtsbúið ehf.

Auðsholt 3. Landnúmer 166718. Eigandi Vignir Jónsson

Auðsholt 4. Landnúmer 166719. Eigandi Steinar Halldórsson

Auðsholt 5. Landnúmer 166721. Eigendur Harpa Vignisdóttir og Ingibjörn Öxndal Reynisson

Afstöðumynd lögbýlanna fyrir og eftir flutninginn fylgir tillögu þessari.

Í yfirlýsingu frá sóknarnefnd Hrepphólasóknar vegna Auðsholtstorfunnar í Hrunamannahreppi segir að á undanförunum árum og áratugum hafi reglulega farið fram umræður á vettvangi aðalsafnaðarfunda Hrepphólasóknar um að þrýst verði á kirkjuyfirvöld að flytja íbúa í Skálholtssókn yfir til Hrepphólasóknar enda njóti bæirnir allrar þjónustu frá Hrepphólasókn. Að sóknargjöldin renni til Skálholtssóknar þyki sóknarnefnd skjóta skökku við.

Á aðalsafnaðarfundum síðustu þriggja ára hefur komið fram skýr og eindreginn vilji allra fundarmanna um að málinu verði fylgt eftir og að breyting á sóknarmörkum verði að veruleika.

Um einstök ákvæði tillögunnar.

Um 1. gr.

Lagt er til að Auðsholtstorfan, fimm lögbýli sem tilheyra Skálholtssókn í Skálholtsprestakalli, verði færð yfir í Hrepphólasókn í Hrunaprestakalli. Lögbýlin eru öll í Hrunamannahreppi og því þykir rétt að þau tilheyri Hrunaprestakalli.

Um 2. gr.

Lagt er til að tillagan, ef samþykkt verður, öðlist gildi 30. nóvember í samræmi við ábendingu Þjóðskrár á sínum tíma um þessa dagsetningu gildistöku, sem fylgt hefur verið undanfarin ár. Sú dagsetning miðast við að öll ráðstöfun sóknargjalda og réttindi sóknarmanna miðast við 1. desember ár hvert. Er því eðlilegt að gildistakan miðist við þennan dag.